

Reykjavík, 20. mars 2018  
R18020066  
61300

Borgarráð

***Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um notkun umferðarlíkans vegna þéttingu byggðar***

Hjálagt er svar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 12. mars 2018 við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um notkun umferðarlíkans vegna þéttingu byggðar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Svar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 12.03.2018 vegna fyrirspurnar um notkun umferðarlíkans.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Málsnr.: R18020066  
Skjalasafn Ráðhúss

14. mars 2018

Bréfalykill: 61300

Reykjavík, 12. mars 2018

USK2018020034

5.0

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Þorsteinn Rúnar Hermannsson

---

### ***Notkun umferðarlíkans vegna þéttingu byggðar - umsögn um fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins - R18020066***

Neðangreind fyrirspurn sem lögð var fram í borgarráði 8. febrúar 2018 var send umhverfis- og skipulagssviði, samgöngustjóra, til umsagnar.

„Óskað er eftir greinargerð um í hvaða mæli umferðarlíkan hefur verið notað þegar þróun íbúabyggðar í Reykjavík hefur verið metin til framtíðar, bæði vegna þéttingar byggðar sem og nýrra hverfa.

Þar verði eftirfarandi spurningum meðal annars svarað:

*Hvaða umferðarlíkan eða umferðarlíkön hafa verið notuð til að meta áhrif íbúafjölgunar í Reykjavík?*

*Hvaða gögn um ferðir fólks hafa verið lögð til grundvallar í þeirri vinnu?*

*Hvaða samgöngulausnir voru skoðaðar þegar metin voru áhrif byggðar í Örfirisey?*

*Hafa hugmyndir um lagningu Geirsgatar í stökk verið skoðaðar sem og aðrar vegtengingar í þessu sambandi?*

*Var umferðarlíkan notað í þeirri vinnu og þá hvaða líkan? “*

### **Umsögn**

Umferðarlíkön (umferðarmódel) eru mismunandi eftir því hvert markmiðið er með notkun þeirra. Þau eru m.a. notuð til að bera saman mismunandi valkosti við þróun byggðar, meta áhrif breytinga á gatnakerfi, áhrif breytinga á kostnaði við samgöngur og til að forgangsraða samgönguframkvæmdum.

Umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins er af svokallaðri makró-gerð sem hefðbundið er að nota fyrir heil sveitarfélög, landshluta eða jafnvel heilu löndin. Núverandi umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins hefur verið í notkun og þróun frá 2002. Áður voru önnur líkön í notkun sem núverandi líkan byggir á. Líkanið er samstarfsverkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar og nýtt af öllum þessum aðilum við umferðarspár.

Líkanið er þriggja þrepa umferðarlíkan. Það felst í stuttu máli í því að höfuðborgarsvæðinu er skipt upp í ákveðinn fjölda reita sem tengdir eru með veglínunum. Veglínunum eru gefnir tilteknið eiginleikar, sem er akreinafjöldi, hraði og talið umferðarmagn (bílar/sólarhring). Út frá framangreindum upplýsingum og útgangsfylki, sem venjulega er eldra fylki og sem lýsir ferðum á milli framangreindra reita, er fundið nýtt fylki sem best lýsir þeirri umferð sem talin hefur verið. Nýja fylkið gefur upplýsingar þann ferðafjölda sem farinn er í bíl á milli einstakra reita reikningsárið. Þetta er fyrsta þrepið en í næsta þrepi, þegar nýtt fylki er fundið, er með línulegri aðhvarfsgreiningu fundið samband á milli ferðafjölda hvers reits annars vegar og hins vegar fjölda íbúa og flatarmáls

atvinnuhúsnæðis skipt eftir þeim flokkum sem Þjóðskrá skilgreinir. Best fylgni hefur verið á milli fjölda ferða og fjölda íbúa og flatarmáls verslunar- og skrifstofuhúsnæðis.

Í þriðja þrepi er m.t.t. framtíðar áætlana um íbúafjölda og flatarmáls atvinnuhúsnæðis gerð umferðarspá en þá er nýjum veglínunum bætt við í kerfið og þær uppfærðar til samræmis við það sem skipulagið áætlar að verði í framtíðinni. Þau gögn um ferðir fólks sem notuð eru í umferðarlíkani höfuðborgarsvæðisins eru annars vegar niðurstöður ferðavenjukannana á svæðinu (Gallup 2002, 2011, 2014 og 2017) og hins vegar nýjustu umferðartalningar sveitarfélaganna og Vegagerðarinnar.

Umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins hefur verið notað við umferðarspár fyrir mismunandi sviðsmyndir um þróun byggðar og samgangna í áratugi. Líkanið er notað við mat á öllum skipulagsáætlunum á svæðis- og aðalskipulagsstigi og oft á tíðum við mótun deiliskipulags. Við mótun Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 voru gerðar umferðarspár fyrir þrjú mismunandi tilvik um þróun byggðar til ársins 2030. Valkostir 1a og 1b gerðu ráð fyrir að hlutfall þéttingar væri 84–90% en valkostur 2 (fullbyggð Vatnsmýri fyrir 2030) var miðaður við 94% þéttingu. Hver kostur var reiknaður bæði með breytingum á ferðavenjum og án, og miðað við mismunandi miklar umbætur í gatnakerfinu.

Lesi má um niðurstöður þeirra líkanreikninga í kaflanum *Vistvænni samgöngur* og nánari umfjöllun er að finna í fylgiskjöllum Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030. Sjá hér:

<https://reykjavik.is/sites/default/files/adalskipulag/c-hluti.fylgiskjol.pdf>

Við mótun svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið í heild sinni voru gerðar umferðarspár fyrir mismunandi þróun byggðar á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2040, þar sem skoðuð voru mismunandi hlutföll þéttingar byggðar og nýrra hverfa.

Lesi má um niðurstöður hér:

[http://ssh.is/images/stories/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun/Lokaskyslur/Vaxtarsamningur/Mat\\_samgongusv\\_loka\\_NET.pdf](http://ssh.is/images/stories/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun/Lokaskyslur/Vaxtarsamningur/Mat_samgongusv_loka_NET.pdf)

Umferðarspár fyrir svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins til 2040, sem unnar voru á síðari stigum skipulagsvinnunnar, er að finna hér:

[http://ssh.is/images/stories/Hofudborgarsvaedid\\_2040/Fylgirit\\_9.pdf](http://ssh.is/images/stories/Hofudborgarsvaedid_2040/Fylgirit_9.pdf)

Umferðarspár fyrir 5, 10 og 15 þús. íbúa byggð á fyllingum við Örfirisey voru gerðar árið 2007 og voru þá skoðaðar mismunandi umferðartengingar fyrir þá byggð með göngum undir miðborgina yfir á Hringbraut eða Sæbraut.

Við forathugun á byggingu samfellds stokks eða jarðganga til að flytja meginstraum umferðar milli Sæbrautar og Ánanausta árið 2008 voru skoðaðar sex mismunandi útfærslur slíkra mannvirkja.

Umferðarspár, með umferðarlíkani höfuðborgarsvæðisins, voru gerðar fyrir hverja útfærslu með og án 15 þús. íbúa byggðar í Örfirisey.

Helstu niðurstöður þeirra vinnu er að finna hér:

[https://www.mannvit.is/media/1226/2008-tillogur\\_ad\\_stokki\\_og\\_jardgongum\\_fra\\_saebraut\\_ad\\_anan\\_austum.pdf](https://www.mannvit.is/media/1226/2008-tillogur_ad_stokki_og_jardgongum_fra_saebraut_ad_anan_austum.pdf)

Þorsteinn R. Hermannsson  
Samgöngustjóri